

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS, SORPSAMLAG ÞINGEYINGA

---

<b>Dagsetning</b>	10.11.2011	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigrún Guðmundsdóttir, Valur Klemensson
<b>Fyrirtæki</b>	Sorpsamlag Þingeyinga	<b>Starfsleyfi, gildir til</b>	1.2.2018
<b>Heimilisfang</b>	Víðimóar 2, Húsavík	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið- seinna
<b>Kennitala</b>	711001-2470	<b>Fulltrúar fyrirtækis</b>	Hafsteinn Gunnarsson
<b>Isat nr.</b>	38.21.0; 38.22.0	<b>Staðsetning starfstöðvar (hnit)</b>	
<b>Starfsemi</b>	Meðhöndlun sorps, m.a. sorbrennsla		

---

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Gerð er ein athugasemd og eitt frávík staðfest. Athugasemdin varðar meðhöndlun, þ.á.m. ráðstöfun ösku en frávikið er of hátt díoxínmagn í útblæstri sorpbrennslunnar.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir ákvæði starfsleyfis og reglugerðar 739/2003 um brennslu úrgangs, er varða mengunarvarnir, skráningar og gögn. Sorpbrennsla var skoðuð og fundur haldinn með Þorkeli Björnssyni heilbrigðisfulltrúa NE



## FRÁVIK<sup>i</sup> OG ATHUGASEMDIR<sup>ii</sup>

### Frávik 1:

Díoxín í útblæstri mældist 0,71 ng/m<sup>3</sup> í mælingu sem fór fram í september sl. Þá ber rekstraraðila að gera tvær mælingar á díoxínum árlega og skulu þær framkvæmdar með hæfilegu millibili.

**Frávik frá:** Losunarmörk fyrir díoxín í útblæstri eru samkvæmt ákvæði 2.21 í starfsleyfi 0,1 ng/m<sup>3</sup>. Kveðið er á um tíðni díoxínmælinga í ákv. 2.22 í starfsleyfi.

**Athugasemd 1:** Ráðstöfun botnösku hefur ekki verið útkljáð. Samkvæmt niðurstöðum mælinga á öskunni er hún ekki hæf til urðunar á óvirkum urðunarstöðum en botnaska var lengi vel urðuð í Laugardal, óvirkum urðunarstað nærri Húsavík. Ekki er vitað hversu breytileg samsetning öskunnar er, þ.e. hvort líklegt sé að hún sé einatt ótæk á óvirkum urðunarstað eður ei. Nauðsynlegt er að kanna breytileika í samsetningu öskunnar, en hann ræður tíðni sýnatöku úr öskunni. Ef slík könnun leiðir lítinn breytileika í ljós, er nægilegt að mæla öskuna einu sinni á ári. Á grundvelli niðurstaðna mælinga þarf síðan að meta meðhöndlun öskunnar og ráðstöfun hennar.

Reykjavík, 15/05/2012

---

Undirskrift eftirlitsaðila

---

<sup>i</sup> **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

<sup>ii</sup> **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsværndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.